

Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2019

Margt smátt ...



VATN, HÚSASKJÓL OG BETRI HEILSA MEÐ ÞINNI HJÁLÞ!

- Valgreiðsla í heimabanka: 2.500 krónur
- Söfnunarsími 907 2003: 2.500 krónur
- Framlag að eigin vali á framlag.is
- Söfnunarreikningur 0334-26-50886
kennitala 450670-0499

 Hjálparstarf
kirkjunnar

HJÁLÞ TIL SJÁLÞSHJÁLÞAR

VATN ER VON



Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna - Action by Churches Together **actalliance**

Á borði

Vandamálið í heiminum í dag er ekki að fólk sé ekki góðhjartað. Flestar manneskur eru með gott hjarta og vilja öðrum vel. Langflestir geta sett sig í spor annarra og sýna samkennd og skilning á erfiðri stöðu þeirra sem eiga undir högg að sækja á einhvern hátt. Vandamálið hjá okkur flestum liggur í því að það er svo stórt skref, að því er virðist, að gera eitthvað í málunum. Leggja eitthvað af mörkum. Leggja eitthvað á sig, sleppa einhverju fyrir sjálfan sig og nýta það í staðinn fyrir náungann.

Svari hver fyrir sig hvort þetta sé rétt: Hvenær neitaði ég mér um eitthvað til að vernda umhverfið? Hætti við flugferð til dæmis? Hvenær sleppti ég síðast að

endurnýja símann minn eða aðrar græjur nútímans sem enn voru í góðu lagi og gaf peninginn öðrum til framdráttar? Svona getum við sjálfsgætt öll tekið dæmi sem passa við okkur. „Elska skaltu náunga þinn eins og sjálfan þig“ segir í góðri bók. Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna sem eru leiðarljós í starfi Hjálparstarfs kirkjunnar snúast í raun um það sama, að taka ábyrgð á sjálfum sér, náunganum og sameiginlega ábyrgð á jörðinni sem við búum á.

Við hjá Hjálparstarfi kirkjunnar getum reyndar ekki kvartað. Við njótum ótrúlega mikils stuðnings. Mörg fyrirtæki og stofnanir styrkja starfið. Við sendum þrisvar á ári valgreiðslu í heimabanka landsmanna sem margir

greiða. Vel á minnst jólaþinggreiðslan bíður þín núna! Fermingarbörn um allt land fá góðar móttökur í árlegri söfnun í lok október eða byrjun nóvember og 2.290 manns sem við köllum Hjálparliða styrkja starfið mánaðarlega. Þetta er frábært og ber að þakka.

Elska skaltu náunga þinn eins og sjálfan þig. Það er ekki verið að tala um að hata sjálfan sig, heldur að elska ná í jafnmiklu mæli til náunga okkar. Ekki bara í orði! Það er áskorunin.

Gangi okkur öllum vel með það.

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri
Hjálparstarfs kirkjunnar.



HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna númer 1, 2, 3, 4, 5, 6, 10 og 17.



Hjálparstarf kirkjunnar actalliance

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt ..., 4. tbl. 31. árgangur 2019

Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir

Prentvinnsla:

Umbrot: Pipar \TBWA

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Ljósmyndir:

Forsíðumynd: Þorkell Þorkelsson: Aukið aðgengi að vatni á verkefnasvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Kebri Beyah í Eþíópíu er tryggt með því að byggja vatnsþrær fyrir regnvatn.

Aðrar myndir: Þorkell Þorkelsson og Hjálparstarf kirkjunnar.

Afgreiðslutími á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, (gengið er inn í kirkjuna að neðanverðu), um jól og áramót 2019-2020 er sem hér segir:

Þorláksmessa 23. desember	opið kl. 08:00-18:00	mánudagur 30. desember	opið kl. 08:00-16:00
aðfangadagur 24. desember	opið kl. 10:00-12:00	gamlársdagur 31. desember	lokað
jóladagur 25. desember	lokað	nýársdagur 1. janúar	lokað
annar í jólum 26. desember	lokað	fimmtudagur 2. janúar	lokað
föstudagur 27. desember	opið kl. 08:00-16:00	föstudagur 3. janúar	opið kl. 08:00-16:00

Vakin er athygli á því að Hjálparstarf kirkjunnar hefur hætt framleiðslu útikerta. Friðarljós verða því ekki til sölu í kirkjugörðum yfir hátíðirnar.

Aðalfundur Hjálparstarfs kirkjunnar var haldinn í Grensáskirkju laugardaginn 21. september 2019. Starfsskýrslu stofnunarinnar er að finna á vefsíðunni www.help.is undir liðnum um okkur - Ársskýrslur. Í stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2019-2020 eru: Gunnar Sigurðsson formaður, Hörður Jóhannesson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn: Vigdís Valgerður Pálsdóttir og Benedikt Vilhjálmsson.



Í Kebri Beyah í Eþíópíu þarf fólk um langan veg eftir drykkjarhæfu vatni. Vatnsskorturinn viðheldur sárafatækt á svæðinu. Hjálparstarf kirkjunnar vinnur að því að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti tryggt fæðuöryggi sitt með umhverfisvernd og bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.



Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar bændur um plóga og þurrkþolin frá til að rækta m.a. maís, hirsí og haricot-baunir. Bændurnir fá auk þess fræðslu um skilvirkar aðferðir í ræktun.



Smitsjúkdómar eru algengir í dýrum á svæðinu. Dýraliðar fá þjálfun í meðhöndlun dýrasjúkdóma og þeir bólusetja búfé með bóluefni sem Hjálparstarf kirkjunnar útvegar þeim.

Þurrkar og óstöðugt veðurfar eru stærsta ógnin við fæðuöryggi í Kebri Beyah

Í Kebri Beyah skortir 83.500 íbúa aðgengi að vatni. Það eru fleiri en íbúar í Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjaneshæ samanlagt. Kebri Beyah er hérað í Sómalífylki sem er eitt af fátækustu fylkjum í Eþíópíu. Stöðugur hagvöxtur hefur verið í landinu í meira en áratug en þjóðin býr enn við mikla fátækt. Á lífskjaraalista Sameinuðu þjóðanna þar sem Ísland er nú númer sex er Eþíópía númer 173. Í Kebri Beyah búa yfir 80% af 214 þúsund íbúum í dreifbýli og hafa lífibrauð af landbúnaði.

Betur stæðir bændur eiga kameldýr, nautgripi, kindur og geitur og þar sem skilyrði eru til rækta bændurnir maís, hirsí, hveiti, grænmeti og ávexti. Vatnsskortur í héraðinu veldur hins vegar sárri fátækt meðal sjálfsþurftarbænda þar. Þegar lítið sem ekkert rignir á hefðbundnum regntíma verður uppskeran rýr og fátæktin sífellt sárari. Þegar loksins rignir er jarðvegurinn orðinn grjótharður og regnvatnið nær ekki að næra hann en rífur með krafti sínum ræktarland í sundur.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar með þeim 3.000 fjölskyldum sem búa við verstu skilyrðin í Kebri Beyah að því að tryggja fæðuöryggi þeirra. Bændurnir fá verkfæri og þurrkþolin frá til ræktunar ásamt fræðslu um skilvirkar aðferðir í ræktun. Dýraliðar fá þjálfun í að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé með bóluefni sem Hjálparstarf kirkjunnar útvegar. Í framhaldi af fræðslu skipuleggur fólkið landgræðsluhópa sem planta trjágræðlingum og reisa stíflur og vegg í árfarvegum til að hefta jarðrof.

2 EKKERT HUNGUR

Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði





Börnin sem Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar í sveitahéruðum í Úganda búa við örbirgð af völdum alnæmis. Foreldrarnir eru látnir úr sjúkdómnum eða mjög veikburða og geta ekki séð börnum sínum farborða. Fjölskyldurnar búa í hreysum og hafa hvorki nægan aðgang að vatni né hreinlætisaðstöðu.



Móðir barnanna á myndinni, sem eru 10, 12, 15 og 18 ára gömul, lést af völdum alnæmis í maí síðastliðnum og eru þau nú munaðarlaus. Þau njóta aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar en auk múrsteinshúss, kamars og vatnstanks hafa þau fengið geitur til að tryggja fæðuöryggi sitt með ræktun þeirra. Börnin fá rúm, dýnur, moskitónet og eldhúshöld með húsinu. Þau fá fræðslu um mikilvægi hreinlætis til að koma í veg fyrir sjúkdóma og njóta salræns stuðnings starfsfólks RACOBAA.



Þegar Harriet naut aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar árið 2010 var hún mjög veikburða af völdum alnæmis og gerði sér engar vonir um að lifa af. Henni var þá huggun í að vita að börnin fjögur hefðu fengið húsaskjól og aðgang að vatni og hreinlætisaðstöðu. Harriet náði hins vegar heilsu á ný með því að taka lyf og er nú í sveitarstjórn þar sem hún leggur áherslu á að efla þjónustu við HIV-smiða og börn þeirra.

„Ég var búin að missa alla von en nú er ég leiðtogi í samfélaginu“

„Ég get dáið sátt því ég veit að börnin mín fjögur eru komin í öruggt skjól,“ sagði Harriet, fyrrum skjólstaðingur Hjálparstarfs kirkjunnar í Rakai-héraði í Úganda, þegar hún lá þungt haldin á sjúkrahúsi árið 2010. Í vor sagði hún við framkvæmdastjóra Hjálparstarfsins að nú væri hún komin í sveitarstjórn þar sem hún beitti sér fyrir bættum hag HIV-smiðra og barna þeirra. „Sjáið mig bara, ég var búin að missa alla von en nú eru börnin mín orðin stór og ég er leiðtogi í samfélaginu,“ sagði Harriet.

Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins segir að öll börn eigi rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og að foreldrar beri höfuðábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna. Í sveitahéruðum Úganda í Lyantonde og Rakai veitir Hjálparstarf kirkjunnar börnum sem búa við örbirgð aðstöð. Foreldrar barnanna eru annað hvort látnir af völdum alnæmis eða mjög lasburða og eru ekki færir um að tryggja heilsu þeirra og tækifæri til mannsæmandi lífs.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstöðina í samstarfi við innlendu grasrótarsamtökin RACOBAA sem hafa starfað í þágu HIV-smiðra í meira en áratug. Aðstoðin felst fyrst og fremst í því að reist eru einföld múrsteinshús fyrir börnin, sem oft eru í umsjón aldraðrar ömmu, að tryggja þeim drykkjarvatn með 4000 lítra vatnstanki fyrir rigningavatn, sem reistur er við hlið húsa, og að tryggja hreinlæti með því að reisa útikamar. Til þess að stuðla að góðri heilsu barnanna fá fjölskyldurnar geitur, áhöld og útsæði til að hefja matjurtarækt.



Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu

6 HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTÖÐA



Í smiðjum UYDEL, sem Hjálparstarf kirkjunnar fjármagnar, læra unglingarnir iðn svo þau geti séð sér farborða á sómasamlegan hátt. Stúlkurnar á myndinni eru að læra að búa til ástarpunga í smiðju UYDEL í Bandahverfi í Kampala. Félagráðgjafar vinna að því að koma stúlkunum á starfsmemasamning í iðn sem þær velja að sérhæfa sig í að námi loknu.



Flestir unglinganna komast á samning sem starfsmenar eftir ársnám í smiðju UYDEL en sumir velja jafnvel að opna eigin sölu- eða viðgerðarbás að námi loknu. Vincent (t.v.) gerir nú við síma en verkfærin til þess fékk hann frá UYDEL og Hjálparstarfi kirkjunnar við útskrift eftir ársnám.



Kjör Mariam breyttust mjög við að fá tækifæri í smiðju UYDEL. Hún varð móðir mjög ung og bjó við örbirgð en sinnir nú jafningjafraeðslu um kynheilbrigði og rétt unglinganna til heilbrigðisþjónustu í smiðjunni ásamt því að vinna við hárgreiðslu.

Úr varnarleysi í sókn til betra lífs

Í lýðheilsuskýrslu Úganda frá 2016 segir að 25% unglingsstúlkna á aldrinum 15–19 ára séu þar barnshafandi eða eigi börn nú þegar. Eftir því sem stúlkurnar búa við krappari kjör því fyrr ganga þær með börn og eignast fleiri segir í skýrslunni. Félagráðgjafar UYDEL, samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar í fátækrahverfum í höfuðborginni Kampala, segja ástæðurnar fyrst og fremst varnarleysi stúlkanna. „Stúlkurnar segja okkur að þær láti undan þrýstingi frá eldri piltum um að hafa kynmök sem síðan láti sig hverfa þegar þær verða þungaðar,” segir Joanne Lunkuse, félagráðgjafi UYDEL. Þegar stúlkurnar standa einar eftir með börnin versnar staða þeirra enn og oft er vændi eina leiðin fyrir þær til að sjá börnum sínum farborða.

Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar og UYDEL er að gefa unglingum sem búa við örbirgð möguleika á mannsæmandi lífi. Ár hvert fá yfir 500 unglingar í fátækrahverfum Kampala ársþjálfun í hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, fatasaum og fleiru. Eftir námið hjálpa félagráðgjafar unga fólkinu að komast á starfsmemasamning í fyrirtækjum. „Í fyrra komum við 63% af nemendum á samning, 21% nemendanna komu sér upp eigin starfsemi en 16% eru enn án vinnu,” segir Joanne. Auk þess að fá þjálfun í iðngreinum í smiðjum UYDEL fá unglingarnir fræðslu um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Samhliða fræðslunni fá unglingarnir smokka. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd og létta lund unga fólksins sem kemur úr ömurlegum aðstæðum í fátækrahverfunum. Í smiðjunum geta þau því líka lagt stund á dans, íþróttir leik- og sönglist.

4 MENNTUN
FYRIR ALLA

Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun
og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi





Fólk getur sótt sér fatnað til Hjálparstarfs kirkjunnar á þriðjudagsmorgnum allt árið um kring. Desember er þó sérstaklega annasamur tími. Sigrún Jónsdóttir, Mjöll Þórarinsdóttir og Elsa Sveinsdóttir eru í hópi öflugra sjálfbóðaliða Hjálparstarfs kirkjunnar sem nú eru að setja fram spariklæðnað og fleira sem fólk sem býr við bág efni getur sótt sér fyrir jólin.



„Ég fór í Hjálparstarfið til að reyna að láta gott af mér leiða,“ segir Hólmfríður Gunnarsdóttir sjálfbóðaliði Hjálparstarfs kirkjunnar til tíu ára. „Við afgreiðum hér fót á þriðjudagsmorgnum, svipað og í verslun, nema fólk borgar ekki fyrir þau. Fötin koma sér vel fyrir fólk en fleira þarf þó að koma til.“



Verkefnið „Taupokar með tilgang“ hefur heldur betur undið upp á sig. Fyrst mættu fimm konur til að njóta samverunnar og gera gagn um leið en nú eru þær orðnar 55 og komast ekki fleiri að sem stendur. Konurnar sauma nú meðal annars jólagjafapoka úr endurnýttu efni sem má nota aftur og aftur.

Gleðileg jól óháð efnahag

Hjálparstarf kirkjunnar undirbýr nú stærsta verkefnið innanlands á árinu; aðstoð við efnalitrar fjölskyldur um land allt fyrir jólin. Í fyrra leituðu 1.274 einstaklingar og fjölskyldur til okkar og við eigum von á svipuðum fjölda umsókna fyrir komandi jól. Okkur reiknast til að alls muni um 3.400 manns njóta góðs af starfinu. Aðstoðina veitum við fyrst og fremst með inneignarkortum í matvöruverslunum, jóla- og skógjöfum fyrir börnin og jólafatnaði. Við viljum að fjölskyldurnar sem til okkar leita geti átt gleðilegar stundir um jólin til að setja í minningabankann.

Fólk sem býr við kröppkjör getur leitað til Hjálparstarfs kirkjunnar um efnislega aðstoð allt árið um kring. Við aðstoðum barnafjölskyldur sérstaklega í upphafi skólaárs og veitum styrki svo börnin geti stundað íþróttir, listnám og tekið þátt í frístundastarfi með vinum sínum og jafnöldrum. Ungmönnum sem búa við efnislegan skort veitum við styrki fyrir námsgögnum og jafnvel skólagjöldum í framhaldsskólum. Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólk í neyð aðstoð við lyfjakaup og hægt er að nálgast notaðan fatnað án endurgjalds hjá stofnuninni á þriðjudagsmorgnum flesta mánuði ársins.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar greina vandann með fólkinu sem hingað leitar, veita því félagslega ráðgjöf og efnislegan stuðning en við skipuleggjum líka valdeflandi verkefni í síauknum mæli. Saumaverkefni fyrir konur af erlendum uppruna er eitt þeirra verkefna. Yfir fimmtíu konur hittast nú einu sinni í viku og sauma alls kyns poka og fleira úr efni sem við höfum fengið gefins. Konurnar taka þannig þátt í umhverfisvernd um leið og þær fá félagsskap hver af annarri og komast út úr félagslegri einangrun. Pokarnir fást á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66 í Reykjavík.



Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



Jólaaðstoð 2019

Í desember aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar ásamt samstarfsaðilum fólk sem býr við fátækt svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Stuðningurinn tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 19. desember. Foreldrum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess jólafatnaður og jóla- og skógjafir fyrir börnin.

Tekið er á móti umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, **3., 4. og 5. desember kl. 11-15**. Athugið að gögn sem sýna tekjur og útgjöld síðasta mánaðar skulu fylgja með umsókn.

Þær fjölskyldur sem hafa fengið Arion inneignarkort í matvöruverslunum frá Hjálparstarfi kirkjunnar eftir 1. júlí 2019 geta fyllt út umsóknareyðublað á www.help.is. Þar sem Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar aðeins barnafjölskyldur í Reykjavík er fullorðnum einstaklingum sem ekki hafa börn á framfæri bent á að hægt er að leita til annarra hjálparsamtaka um aðstoð.

Hjálpræðisherinn í Reykjavík tekur á móti umsóknum frá einstaklingum og fjölskyldum í Mjódd 4. og 5. desember kl. 10-14.

Á Suðurnesjum verður tekið á móti umsóknum í Keflavíkurkirkju 3., 5. og 10. desember klukkan 9-11.

Í Árnassýslu hefur Hjálparstarf kirkjunnar samstarf um jólaaðstoð við Rauða krossinn, félagsþjónustuna, kvenfélög og presta. Tekið er á móti umsóknum þann 3. desember klukkan 16-18 á Eyrarvegi 23, Selfossi.

Á Eyjafjarðarsvæðinu hafa Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn og Hjálpræðisherinn á Akureyri með sér samstarf um aðstoð. Umsóknarfrestur er liðinn.

Mæðrastyrksnefnd Akraness í húsi Rauða krossins tekur á móti umsóknum 4. og 5. desember kl. 16-18.

Annars staðar á landinu taka prestar í heimasókn við umsóknum um aðstoð frá einstaklingum jafnt sem fjölskyldufólki til og með 10. desember.

Hjálparstarf kirkjunnar, www.help.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400.

Christmas Assistance 2019

In cooperation with other charities, Icelandic Church Aid assists low income families before Christmas. Support is provided with grocery store debit cards issued on December 19 at the latest. Parents in need are also invited to apply for clothing and presents for their children.

Families with children living in Reykjavík, may apply at the Icelandic Church Aid Office at Háaleitisbraut 66, lower floor. Application days are: December 3, 4, and 5 between 11 AM and 3 PM. Please remember to bring income and expense documents (mortgage payments, rent, nursery school, heat, electricity, etc).

Families who have received Arion grocery store debit cards from ICA after July 1 of this year are invited to apply online at www.help.is.

We refer individuals in Reykjavik to the Salvation Army in Mjódd. Application days are December 4 and 5 between 10 AM and 2 PM.

In Reykjanesbær, individuals and families alike may apply at the Keflavíkurkirkja church on December 3, 5 and 10 between 9 and 11 AM.

In Selfoss, families and individuals may apply on December 3, between 4 and 6 PM at Eyrarvegur 23.

In Akranes, individuals and families alike may apply at the Red Cross on December 4 and 5 between 4 and 6 PM.

In Akureyri and surrounding area the application deadline has passed.


In other parts of the country families and individuals can contact the pastor of the local parish. Application deadline is December 10.

Icelandic Church Aid, www.help.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, tel. 528 4400



Hjálparstarf
kirkjunnar

actalliance



Berglind Gunnarsdóttir, sálfræðingur í Foreldrahúsi, er ein þeirra sem konurnar í virkniverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar hafa hitt og spjallað við. Berglind hélt erindi nýlega fyrir konurnar þar sem hún fjallaði um grunntilfinningar og birtingarmyndir þeirra.

„Nú fer ég út úr húsi á hverjum degi“

- bréf frá þátttakanda í virkniverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar

„Þegar mér var boðið að vera með í verkefninu Stattu með sjálfri þér - virkni til farsældar í janúar 2018, greip ég það fegins hendi. Ég hafði þá verið á örorku í sex ár en hafði lokið diplómanámi við Háskóla Íslands vorið 2016. Það voru því að verða tvö ár þar sem ég sat ein heima allan daginn, alla daga og ég var að koðna niður, eða svona hér um bil. Ég var mjög einangruð félagslega og þekkti enga í sömu stöðu og mig. Forðaðist að mæta á mannafót og var í lélegu formi jafnt andlega sem líkamlega.

Verkefnið byrjaði svo í febrúar 2018 og eins og mér fannst fyrstu skrefin til Hjálparstarfs kirkjunnar þung þá sé ég alls ekki eftir að hafa tekið þau. Ég hef síðan farið út úr húsi og hitt aðrar konur í svipaðri stöðu alla fimmtudaga síðan. Við komum úr mjög ólíkum áttum en höfum vaxið sem hópur og samstaðan er mikil. Ég varð fyrir missi þegar við vorum bara nýbyrjaðar í verkefninu og þá

var stuðningurinn og styrkurinn sem ég fékk frá hópnum ómetanlegur. Það er gott að hafa þétt stuðningsnet í kringum sig.

Þessi tvö ár hafa liðið hratt og nú styttest í hinn endann á verkefninu. Þegar þetta er skrifað, í nóvember 2019 og aðeins um þrjú mánuðir eftir af því, er staðan hjá mér sú að ég fer út úr húsi á hverjum degi, ég er virk í ýmiskonar sjálfboðaliðastarfi, ég hreyfi mig markvisst þrisvar sinnum í viku og ég á stóran hóp kunningja- og vinkvenna sem standa með mér og gefa góð ráð við hverjum vanda.

Verkefnið hefur hjálpað mér mjög mikið og ég myndi gjarnan vilja rúlla önnur tvö ár með hópnum. Það er víst ekki í boði en ég vona hins vegar svo sannarlega að fleiri konur í svipaðri stöðu og ég var í fái að njóta þess að taka þátt í sambærilegu starfi á nýju ári. - Takk fyrir mig!“



Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, hefur umsjón með Stattu með sjálfri þér - virkni til farsældar, verkefni sem hóf göngu sína í febrúar 2018. Markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur, konur sem eru utan vinnumarkaðar, fái bætt sjálfmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu.



Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar er að aðstoða fólk við að finna styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til þess að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis.



Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



Sigrún Ólafsdóttir, prófessor við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við deild menntunar og margbreytileika, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands, og Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, fjölluðu um baráttuna við að útrýma fátækt á opnum fundi í Háskóla Íslands þann 19. nóvember síðastliðinn.

„Einhvers staðar á leiðinni hafa draumarnir dáið“

Á opnum fundi í viðburðaröð Háskóla Íslands um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þann 19. nóvember síðastliðinn ræddu Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, og fræðafólkið Sigrún Ólafsdóttir, prófessor við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við deild menntunar og margbreytileika og Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands um fyrsta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að útrýma fátækt í allri sinni mynd, alls staðar, eigi síðar en árið 2030. Þau beindu sjónum sínum fyrst og fremst að stöðu mála hér á landi.

Á Íslandi eru nú 9% íbúa undir lágtekjumörkum eða 31.400 manns og á það fólk á hættu að búa við fátækt. Fjögur prósent íbúa, eða 14.514 manns, búa við skort á efnislegum gæðum og 0,7%, eða 2.540 einstaklingar, búa við verulegan skort hér á Íslandi. Hagstofan segir að í evrópskum samanburði búi hér hlutfallslega fáir við skort og að þeim hafi fækkað um 2,1 prósentustig frá árinu 2016. Það er vel en eitt barn sem býr við efnislegan skort í velferðarsamfélagi er einu barni of mikið.

Sigrún Ólafsdóttir sagði félagsfræðikenningar skýra fátækt með hegðun einstaklingsins, hvernig samfélaginu er skipt upp og með ákvörðunum stjórnmalafólks. Hún sagði rannsóknir sýna að mikill ójöfnuður gæti haft neikvæð áhrif á heilsufar, afbrotatíðni, lífsstíl, samfélagsþátttöku og átök í samfélaginu.

Berglind Rós Magnúsdóttir minnti á að árið 2014 hefðu 9% barna á Íslandi skort efnisleg, andleg og tilfinningaleg gæði sem eru börnum nauðsynleg til að lifa, þroskast og dafna í hverju samfélagi. Berglind sagði að menntun foreldra og ráðstöfunartekjur hefðu áhrif á árangur barna í skóla. Þá sagði hún að á Íslandi væri stéttskipting í

menntakerfinu og félagsleg aðgreining. Berglind sagði að aukin markaðsvæðing menntunar leiddi til kerfislægs aðstöðumunar. Hún sagði nauðsynlegt að huga að börnum sem ekki hefðu íslensku að móðurmáli jafnt sem þeim sem glímdu við fötlun.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, sagði að fólk sem hefur leitað til stofnunarinnar samfleytt í mörg ár og væri fast í fátæktargildru ætti það margt sameiginlegt að hafa upplifað áfall, koma frá brotnum fjölskyldum, hafa stutta skólagöngu að baki og búa við vanvirkni. „Það kostar peninga að taka þátt í samfélaginu og fátæktin getur haft þær afleiðingar að fólk verður félagslega einangrað. Einhvers staðar á leiðinni hafa draumar fólksins dáið og þá hefur það ekkert til að stefna að lífinu,“ sagði Vilborg.

„Til þess að þeir sem leita til Hjálparstarfs kirkjunnar verði ekki enn fastir í fátæktargildru árið 2030 verðum við sem samfélag að beita sértækum úrræðum. Við þurfum að hækka lægstu laun en það dugur ekki eitt og sér. Við getum notað barnabótakerfið betur, það þarf að fá fleira fagfólk inn í grunnskóla til að vinna með kennurum og við þurfum fleiri virkniúrræði fyrir þá sem búa við örorku,“ sagði Vilborg og bætti við að meiri samvinna þyrfti að vera á milli ráðuneyta og síðast en ekki síst þyrfti alvöru notendasamráð þar sem fólk sem býr við fátækt tæki þátt í að taka ákvarðanir sem það varðar.

Ásgeir Jónsson sagði hagvöxt forsendu aukinnar velmegunar en hagsveiflur hafa farið verst með þá sem höllum fæti standa. Hann sagði góða hagstjórn og stöðugleika því skipta mestu máli. Ásgeir tók undir með Vilborgu um að staðfesta þyrfti orsakasambandi og skilgreina mælanleg markmið með sértækum aðgerðum í þágu þeirra sem búa við fátækt.

Hátíðar- messa í Hallgrímskirkju fyrsta sunnudag í aðventu

1. desember kl. 11:00

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, prédikar og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari.

Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

Gjöfum til Hjálparstarfs kirkjunnar verður veitt móttaka. Messunni verður útvarpað á Rás 1.



Hjálparstarf
kirkjunnar



1 ENGIN
FÁTÆKT

Að útrýma fátækt
í allri sinni mynd allstaðar





Með ykkar hjálp!

Þann 27. nóvember síðastliðinn afhenti þjónaklúbburinn í þjónustuíbúðunum í Furugerði 1 Hjálparstarfi kirkjunnar afskaplega fallegar peysur, húfur, vettlinga og sokka á börn og unglunga. Klúbburinn leggur þannig sitt af mörkum til að aðstoða efnaminni fjölskyldur á Íslandi nú fyrir jólin.

Hjálparstarf kirkjunnar er afar þakklátt þjónaklúbbnum og öðrum landsmönnum fyrir frábæran stuðning á árinu sem er að líða.

Starfið er mögulegt með ykkar hjálp!

Frá árinu 1997 hefur Jólasveinapjónusta Skyrgáms gefið 20% af öllum jólasveinaheimsóknnum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar ...

... til dæmis til þess að útvega hreint vatn með brunnagerð í Afríku, stutt skólagöngu barna á Indlandi og veitt örlán og fræðslu til kvenna í fátækustu héruðum Eþíópíu. Hérlandis hefur Skyrgámur meðal annars stutt verkefni í þágu barna og unglunga með því að leggja til fé í sjóð fyrir framhaldsskólamenntun, sumarþúðadvöl og inneignarkort fyrir matvöru svo fátt eitt sé nefnt. Hjálparstarfið þakkar Skyrgámi og félögum kærlega fyrir stuðninginn!



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, hitti Skyrgám þegar hann kom til byggða fyrir síðustu jól.



GEFÐU JÓLAGJÖF

ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ FALLEGT

Fyrir andvirði þessa gjafabréfs á gjofsemgefur.is fá efnalitlir foreldrar á Íslandi gjafakort í verslun með leikföng, bækur og fót og geta þeir valið barni sínu gjöf eftir þörfum þess og óskum.

www.gjofsemgefur.is



Hjálparstarf
kirkjunnar